


Alþingi
Erindi nr. P 123/1247
komudagur 3.3.'99



Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Pórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

3. mars 1999

Snr. 002/ÁB/TB

Efni: Umsögn Náttúruverndar ríkisins um frumvarp til laga um náttúruvernd.

Vísað er í bréf frá umhverfisnefnd Alþingis, dags. 26. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúruverndar ríkisins um frumvarp til laga um náttúruvernd, þingskjal 848 – 528. mál.

Náttúruvernd ríkisins telur brýnt að lokið verði við afgreiðslu á framangreindu frumvarpi og fagnar því að með frumvarpinu er ýmislegt sem ekki náðist að vinna við gerð núverandi laga fært til betri vegar

I. KAFLI

2. gr.

Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

Náttúruvernd ríkisins leggur til að gildissvið lagana verði eins og það var skilgreint af nefndinni sem vann að gerð frumvarpsins:

Lög þessi gilda á íslensku landi, í landhelgi og efnahagslögsögu, sbr. 1. og 3. gr. laga um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn nr. 41 1978. Lögin hagma í engu ákvæðum annarra laga um vernd, friðun og veiðar á villtum dýrum til lands og sjávar.

3. gr.

Engar athugasemdir.

II. KAFLI

Stjórn náttúruverndarmála.

4.-6. gr.

Engar athugasemdir

7. gr.
Framkvæmd eftirlits.

Til samræmis við það sem tíðkast hefur á undanförunum árum er lagt til :

Náttúruvernd ríkisins er heimilt að fela náttúrustofum og náttúruverndarnefndum sbr. 11. gr., einstaklingum eða lögaðilum að annast almennt eftirlit með náttúru landsins.

8. gr.
Náttúruverndarráð.

Lagt er til að nafnið Náttúruverndarráð verði aflagt og í stað þess nefnt ráðgjafanefnd um náttúruvernd .

Ástæðan er að almenningur, opinberir aðilar og jafnvel þingmenn rugla saman Náttúruverndarráði og Náttúruvernd ríkisins - hlutverki réttindum og skyldum til ómældra óþæginda í daglegu starfi Náttúruverndar ríkisins. Ráðgjafanefnd er lýsandi fyrir hlutverkið.

9. gr.
Engin athugasemd.

10. gr.
Náttúruverndarþing.

Lagt er til að í stað upptalningar á forstjórum stofnana verði sagt forstöðumenn stofnana sem vinna á sviði náttúrufræða.

11. gr.
Náttúruverndarnefndir.

Lögð er til breyting:

Á vegum hvers sveitarfélags eða héraðsnefndar skal starfa þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd.

III. KAFLI
Almannaréttur, umgengni og útivist.
12.-16. gr.
Engin athugasemd.

17. gr.
Akstur utan vega.

Hér er lagt til að bætt sé aftan við annan málslið 1. mgr: Þó er heimilt.....og snævi þakin og ekki hljótist af náttúruspjöll.

Svo virðist sem gleymst hafi að nefna jökla varðandi reglugerð:

..... takmarkað eða bannað akstur á jökklum eða snjó á einstökum svæðum þar sem hættu er á náttúruspjöllum eða verulegum óþægindum fyrir aðra sem þar eru á ferð.

18.-27 gr.
Engin athugasemd

IV. KAFLI
Rekstur náttúruverndarsvæða.

28.-32 gr.
Engin athugasemd

V. KAFLI
Landslagsvernd o.fl.

33.-36. gr.
Engin athugasemd.

37. gr.
Sérstök vernd.

Með þessari grein er verið að vernda sérstakar landslagsgerðir á landsvísu og hlýtur sú vernd að vera jafnmikilvæg og friðlýsing einstakra svæða og ekki hugsuð sem vernd fyrir einstök sveitarfélög heldur landið í heild. Margar náttúruverndarnefndir sveitarfélaga hafa því miður ekki sterka stöðu þrátt fyrir styrkingu á hlutverki í fyrirliggjandi frumvarpi. Jafnframt breytast náttúruverndarnefndir á fjögurra ára fresti. Náttúruvernd ríkisins telur því rétt að gera eftirfarandi athugasemd:

.....röskun landslagsgerða skv. 1. mgr. skal sveitarstjórn leita umsagnar náttúruverndarnefndar, sbr. 11. gr., og Náttúruverndar ríkisins.

38. gr.

Gerð er eftirfarandi athugasemd við annan málslið 1. gr. Annar málsliður verði: Leita skal umsagnar og tilkynna Náttúruvernd ríkisins um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminum.....

39.-44. gr.
Engin athugasemd.

VI. KAFLI
Nám jarðefna.
45. – 46. gr.

Engin athugasemd.

47. gr.

Lagt er til að 3. mgr. verði: Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota þó ekki í landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar sbr. 37. gr.

VII. KAFLI
Friðlýstar náttúruminjar.

50.-53. gr.
Engin athugasemd

54. gr.

Lagt er til að í stað náttúrumyndana verði náttúruminjar notað. Náttúrumyndanir eru ekki skilgreindar í frumvarpinu.

.....friðlýst í landhelgi og efnahagslögsögu náttúruminjar í hafi, þ.m.t. eyjar og sker, og á hafsbotni sem mikilvægt þykir að varðveita sakir fegurðar eða sérkenna eða miklu skiptir frá vísindalegu, náttúrufræðilegu eða öðru menningarlegu sjónarmiði að ekki sé raskað. Friðlýsa skal svæði í kringum náttúruminjar svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín og skal þess greinilega getið í friðlýsingu.

Ákvæði annarra greina þessa kafla gilda eftir því sem við á um friðlýstar náttúruminjar í hafi.

55.-63. gr.

Engin athugasemd.

VIII. KAFLI

Náttúruverndaráætlun og náttúruminjaskrá.

Engin athugasemd.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Náttúruvernd ríkisins telur að ekki verði hægt að vinna náttúruverndaráætlun fyrir árslok 2000 og telur raunhæfara að miða við árið 2002. Náttúruvernd ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands þurfa að afla ýmissa gagna áður en hægt er að ganga frá fyrstu áætlun. Einnig gerir stofnunin athugasemd við umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis sem gerir ekki ráð fyrir nema 1-2 m. króna til verksins, slík upphæð er allt of lág. Til hliðsjónar má benda á umsögn fjárlagaskrifstofu um frumvarp til skógræktarlaga - landsáætlun í skógrækt, en þar er gert ráð fyrir 15-45 milljónum króna, eftir því hversu ítarleg hún á að vera, til að vinna að landsáætlun í skógrækt. Náttúruverndaráætlun fyrir landið í heild sem byggist á góðum grunnupplýsingum í Náttúruminjaskrá kostar ekki minna en landsáætlun í skógrækt.

II.

Fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins telur að Náttúruvernd ríkisins þurfi aðeins 500 þús kr. til að vinna að áætlunum um frágang á námum á Íslandi. Á landinu eru um 2500 opnar námur sem annhvort eru í notkun eða hætt er að nota. Náttúruvernd ríkisins telur eðlilegt að ráðnir séu tveir starfsmenn til verksins ef takast á að vinna það fyrir árið 2003.

Virðingarfyllst,



Árni Bragason

forstjóri



Trausti Baldursson

sviðsstjóri